



Fundargerð stjórnar 15. nóvember 2016

Haldinn að Hvanneyri kl. 20.00

Mættir:

Sólrún Halla Bjarnaðóttir sambandsstjóri (SHB), Guðrún Þórðardóttir varasambandsstjóri (GP), Elva Pétursdóttir gjaldkeri (EP), Aðalsteinn Símonarson ritari (AS), Anna Dís Þórarinsdóttir vara meðstjórnandi (ADP).

Pálmi Blængsson framkvæmdastjóri (PB)

Dagskrá:

1. Sambandsstjóri ber undir atkvæði fundargerð síðasta stjórnarfundar.
2. Íþróttamaður ársins, tími og staðsetning.
3. Borgarbyggð, heilsueflandi samfélag.
4. Fréttir frá sambandsráðsfundi UMFÍ.
5. Uppgjör ULM.
6. Önnur mál.

1. Sambandsstjóri ber undir atkvæði fundargerð síðasta stjórnarfundar.

Undirrituð og samþykkt án athugasemda.

2. Íþróttamaður ársins, tími og staðsetning.

Körfuknattleiksdeild og badmintondeildir Skallagríms ásamt Frjálsíþróttafélaginu brugðust við þegar auglýst var eftir aðildarfélagi til að sjá um veitingar og tilheyrandi við útnefningu íþróttamanns Borgarfjarðar 2015.

Bókun: Samþykkt að fela Badmintondeildinni að sjá um veitingar og þjónustu. Körfuknattleiksdeild til vara. Staðsetning verði í samráði við veitingaaðila og halda 8. janúar eða annars 15. janúar. PB vinnur áfram.

3. Borgarbyggð, heilsueflandi samfélag.

Byggðaráð Borgabyggðar hefur ákveðið að sækja um að gerast heilsueflandi samfélag eftir skilgreiningu Embættis landlæknis. Felur í sér að heilsa og líðan íbúa sé höfð í fyrirrúmi í allri stefnumótun og á öllum sviðum. PB og SHB sóttu kynningarfund og vinnustofu þessa efnis 4. nóvember s.l.

Bókun: Stjón UMSB fagnar þessu framtaki sveitarfélagsins.

4. Fréttir frá sambandsráðsfundi UMFÍ.

SHB sótti sambandsráðsfund UMFÍ sem haldinn var á Laugum í Sælingsdal. Þar voru drög að nýrri stefnu UMFÍ kynnt, m.a. markmið að ná til yngri aldurshópa. Einnig var þar kynning á ýmsum sjóðum innan hreyfingarinnar og aðildarfélög hvött til að nýtta sér þá. Þá kom fram frá fjölda fundargesta mikil ánægja með ULM í Borgarnesi í sumar.



5. Uppgjör ULM.

Fundur var fyrir skemmstu í mótsnefnd Unglingalandsmótsins í Borgarnesi þar sem farið var yfir rekstrarreikning mótsis. Hagnaður samkvæmt honum er rúmar 5 millj. en eftir að skýrast með aðkomu Borgarbyggðar að strætóakstri ásamt kostnaði við gæslu. PB kynnti skiptingu milli félaga út frá tölunni eins og hún er núna.

Bókun: Samþykkt að boða til fundar fyrir lok nóvember þar sem niðustaða og áætluð skipting milli félaga verði kynnt. PB falið að finna tíma- og staðsetningu ásamt að auglýsa.

6. Önnur mál.

- 25. nóvember verður „Umræðupartý“ á vegum UMFÍ þar sem stefnt er saman ungu fólki og forystumönnum í hreyfingunni til að blanda saman og hlusta hvert á annað. Samþykkt að óska eftir við ungmennaráð Borgarbyggðar að senda fulltrúa ásamt fulltrúum úr stjórn.
- PB fór á formannafund ÍSÍ og samráðsfund íþróttahéraðanna.
 - Aðal umræðan þar var um hvernig á að fara með umtalsverðar fjárhæðir sem í boði eru til afreksmála. Búið að stofna nefnd sem á að móta nýjar reglur þar um. Tvö samstarfsverkefni við UMFÍ „Sýnum karakter“ fyrir andlegt og „Betra félag“, tveggja mín. vídeó leiðbeiningar um stjórnarstörf.
 - Fram kom að nýr Felix, félagakerfi UMFÍ og ÍSÍ er á leiðinni, mikið notendavænni og mjög líkur Nóra skráningarkerfinu.
- Sambandið hefur greitt fyrir aðgang að Nóra skráningarkerfinu allt þetta ár, 14 þús. á mánuði, en hægt hefur gengið fyrir aðildafélög að taka kerfið upp; Reykdælir allt árið og Körfuknattleiksdeild Skallagríms frá september. Samkvæmt PB eru þó fleiri félög á leiðinni. Skilyrði er fyrir félög að nota kerfið ef frístundargreiðsla Borgarbyggðar á að nýtast iðkendum.

Bókun: Samþykkt að notendur borgi 10% af heildargjaldinu á mánuði árið 2016, UMSB rest.

- SHB kynnti bréf til stjórnar UMFÍ þar sem bent er á margt sem ábótavant var í undirbúningi, leiðbeiningu og framkvæmdastjórn ULM. Markmiðið með bréfinu er að fá fram umfjöllun og hjálpa til við að bæta framkvæmdina næstu ár. Fundarmenn lýstu ánægju sinni með innihald bréfsins. AS lagði til að Borgarbyggð yrði fengin til að skrifa undir með UMSB, samþykkt að SHB leiti eftir því.

Fleira ekki rætt eða gert - fundi slitið kl. 22.30